



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Lárus M. K. Ólafsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 01. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110002
Bréfalykill: 10.0

Efni: Umsögn Orkustofnunar um stjórnýslukæru Hjalta Ríkharðssonar og Magnhildar Erlu Halldórsdóttur

Orkustofnun hefur mótttekið bréf iðnaðarráðuneytisins dags 30. október 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar varðandi stjórnýslukæru Hjalta Ríkharðssonar og Magnhildar Erlu Halldórsdóttur vegna synjunar Orkustofnunar á niðurgreiðslu til húshitunar.

Synjun Orkustofnunar byggir á eftirfarandi upplýsingum úr Fasteignamati ríkisins.

L. Hvammur / Elliðakotsl 125218, Mosfellsbær

Fastanúmer	Merking	Notkun	Bygg. ár	Birt stærð
208-4632	01 0101	Sumarbústaður	1996	62,9 m ²

Lóðarfærsla

Landnr.	Notkun	Stærð	Staðgreinir
125218	Sumarbústaðaland	2.200 m ²	1604-01-91001030

Orkustofnun telur að sumarbústaður geti ekki talist íbúðarhúsnæði í skilningi laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar 78/2002, en í 1. gr. laganna segir m.a.:

"Lög þessi mæla fyrir um úthlutun fjár sem ákveðið er í fjárlögum til:

1. Niðurgreiðslu kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis hjá þeim sem ekki eiga kost á fullri hitun með jarðvarma."

Einnig er bent á að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna er heimilt að greiða niður hluta kostnaðar við hitun húsnæðis sem er skráð sem íbúðarhúsnæði hjá Fasteignamati ríkisins þótt þar sé ekki föst búseta.

Í lögnum er samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum gengið út frá því að almennt sé einungis heimilt að greiða niður kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis en aðeins í sérstökum undantekningartilvikum í annars konar húsnæði. Þær undantekningar eru tilgreindar í 3. mgr. 4. gr. laganna, en þar segir: "Kostnaður við hitun kirkna, bænahúsa trúfélaga, safna, félagsheimila og húsnæðis björgunarsveita skal greiddur niður á sama hátt og hitun íbúða." Í ákvæðinu er ekki minnst á sumarbústaði. Orkustofnun telur að skýra beri undanþáguákvæðið þröngt í samræmi við almennar lögskýringarreglur.

Orkustofnun telur því, að stofnuninni sé ekki heimilt að fallast á umsóknir um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar í sumarbústöðum.

Virðingarfyllst

Benedikt Guðmundsson
Umsjónamaður niðurgreiðslna

Fylgiskjöl:

Afrit af umsókn Hjalta Ríkharðssonar og Magnildar Erlu Halldórsdóttur
Samskipti í tölvupósti vegna umsóknar ofanskráðra